



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 2. júlí 2026
SFS25020020

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 2.7.2026 varðandi eftirfarandi mál:

SBB - Afturköllun breytinga á reglum um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva - til afgreiðslu

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra áamt fylgiskjölum dags. 29. júní 2026:

Lagt er til að borgarráð samþykki að afturkalla samþykkt sína á breytingum á reglum um þjónustu frístundaheimila og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva sem samþykktar voru í skóla- og frístundaráði þann 23. mars 2026, í borgarráði þann 16. apríl 2026 og fullnaðarafgreitt á fundi borgarstjórnar þann 21. apríl 2026. Með breytingunni sem átti að taka gildi þann 22. ágúst 2026 átti opnunartími frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva að styttest um 30 mínútur en með afturköllun ákvörðunarinnar verður opnunartíminn óbreyttur.

Greinargerð
Samþykkt.

fylgir

tillögunni.

Aðalbjörg Dísá Guðjónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nýr meirihluti hét því að tryggja óskertan opnunartíma frístundaheimila til kl. 17 innan fyrstu 100 daga kjörtímabilsins og með þessari ákvörðun er það kosningaloforð efnt. Þetta er liður í skýrri stefnu meirihlutans um að setja fjölskyldulífið í forgang og vinda markvisst ofan af þeim fjölmörgu skerðingum á grunnþjónustu við barnafjölskyldur sem urðu undir stjórn fyrri meirihluta. Með þessari breytingu er stigið enn eitt mikilvægt skref í að efla þjónustu við fjölskyldur og endurbyggja það traust sem hefur beðið hnekki á undanförunum árum. Fyrir fjölmargar fjölskyldur skiptir það miklu máli að geta samræmt atvinnu- og fjölskyldulíf án þess að skerðingar á þjónustu borgarinnar standi í vegi. Markmið nýs meirihluta er skýrt: Reykjavík á að vera fjölskylduvæn borg þar sem þjónustan tekur mið af raunverulegum þörfum íbúanna og styður við fjölskyldur á öllum stigum lífsins.



Reykjavík



Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:



Reykjavík



Borgarráð

Reykjavík, 29. júní 2026
SFS25020020

Afturköllun breytinga á reglum um þjónustu frístundaheimila og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva

Lagt er til að borgarráð samþykki að afturkalla samþykkt sína á breytingum á reglum um þjónustu frístundaheimila og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva sem samþykktar voru í skóla- og frístundaráði þann 23. mars 2026, í borgarráði þann 16. apríl 2026 og fullnaðarafgreitt á fundi borgarstjórnar þann 21. apríl 2026. Með breytingunni sem átti að taka gildi þann 22. ágúst 2026 átti opnunartími frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva að styttest um 30 mínútur en með afturköllun ákvörðunarinnar verður opnunartíminn óbreyttur.

Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. mars 2026, sjá dagskrárlið 6, í borgarráði þann 16. apríl 2026, sjá dagskrárlið 29 og í borgarstjórn þann 21. apríl 2026, sjá dagskrárlið 29, var samþykkt að gera breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustu frístundaheimila og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva sem leiddu til þess að frá 22. ágúst 2026 myndi opnunartími styttest um 30 mínútur, sjá meðfylgjandi tillögu, dags. 16. mars 2026, sem lögð var fram á framangreindum fundum.

Fram kemur í greinargerð vegna tillögunnar að breytingarnar væru lagðar til í samræmi við breytingar á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs frá árinu 2025 vegna opnunartíma frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva yfir vetrartímann. Innleiðingu þeirrar breytingar hafi verið frestað og þjónustan því verið ófjármögnuð hvað varðar almennu frístundaheimilin. Í kjölfarið hefur verið unnið að endurmati á forsendum breytinganna, þar sem sérstaklega hefur verið horft til áhrifa á þjónustu, mönnun og aðgengi barna að frístundastarfi.

Með tillögunni er fallið frá ákvörðun um að stytta opnunartíma frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva og verður hann því óbreyttur frá því sem nú er. Áhersla er lögð á að tryggja fyrirsjáanleika í þjónustu við börn og fjölskyldur, enda getur stytting opnunartíma haft áhrif á daglegt skipulag heimila og atvinnuþátttöku foreldra.

Yfirvofandi stytting opnunartíma frístundaheimila í Reykjavík kemur sér illa fyrir fjölskyldur borgarinnar. Margir foreldrar treysta á þessa þjónustu þar sem þau eiga erfitt um vik að sækja börnin sín fyrir kl. 17:00, vegna þess að þau eru föst í vinnu eða umferð á leiðinni heim úr vinnu. Stytting opnunartímans hefur einnig fyrirséð neikvæð áhrif á starf frístundaheimilanna. Eðli málsins samkvæmt minnkar starfshlutfall starfsfólksins töluvert sem er líklegt til að skila sér í auknum mönnunarvanda. Við teljum afar mikilvægt að standa með fjölskyldum borgarinnar og starfsfólki frístundaheimila og viljum því afturkalla þessa skerðingu á þjónustu og halda úti starfi til kl. 17. Nýting þjónustunnar milli kl. 16.30 -17.00 verður metin í lok skólaárs vorið 2027.



Fjárhagsleg áhrif:

Það felur í sér útgjöld að bjóða óbreytta þjónustu frístundaheimila og alltaf þarf að tryggja ákveðinn lágmarksfjölda starfsmanna óháð fjölda barnafjölda.

Miðað er við að óbreyttur opnunartími kalli á sem nemur um tíu stöðugildum á ársgrundvelli eða sem nemur 88,8 milljónum króna. Gert er ráð fyrir að gerð verði breyting á gjaldskrá frístundaheimila með þeim hætti að mánaðarleg greiðsla fyrir lengri dvalartíma verði kr. 5.000,- í 10,5 mánuði og að tekjur aukist því um 24,8 milljónir króna

Miðað er við að 473 nemendur nýti lengri viðveru milli 16:30 og 17:00 en vissulega er vænt raunnýting háð ákveðinni óvissu.

Ef útgjöld aukast um 88,8 milljónir króna og tekjur um 24,8 milljónir króna er nettó aukning útgjalda vegna lengri opnunartíma frístundaheimila 64 milljónir króna.

Skóla- og frístundasvið mun láta aukin útgjöld umfram auknar tekjur rúmast innan fjárhagsramma fyrir frístundastarf. Aukinn opnunartími frístundaheimila á því ekki að leiða til aukinna útgjalda á skóla- og frístundasviði.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. mars 2026.

Umsögn FAS, dags.29.júní 2026.



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 16. mars 2026

SFS26020032

TILLAGA

Efni: Tillaga að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustu frístundaheimila:

Núgildandi **2. mgr. í gr. 1.b** er svohljóðandi:

Frístundaheimili eru opin yfir vetrartímann frá kl. 13:40 til kl. 17:00. Börnin eru á ábyrgð skóla þar til starfsfólk frístundaheimila tekur við þeim.

Lagt er til að **2. mgr. í gr. 1.b** verði svohljóðandi:

Frístundaheimili eru opin yfir vetrartímann frá kl. 13:40 til kl. 16:30. Börnin eru á ábyrgð skóla þar til starfsfólk frístundaheimila tekur við þeim.

Núgildandi a. liður **4. mgr. í gr. 1.b** er svohljóðandi:

Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimila til boða frá kl. 08:00-17:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega þessa daga. Á aðfangadag og gamlársgangur er lokað.

Lagt er til að a. liður **4. mgr. í gr. 1.b** verði svohljóðandi:

Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimila til boða frá kl. 08:00-16:30. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega þessa daga. Á aðfangadag og gamlársgangur er lokað.

Núgildandi **3. mgr. í gr. 6.a** er svohljóðandi:

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimili frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá frístundaheimilinu. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru



Reykjavík



skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri hluta dagsins. Skráning á langa daga er bindandi eftir að frestur til skráningar rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Lagt er til að **3. mgr. í gr. 6.a** verði svohljóðandi:

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimili frá kl. 13:40-16:30. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá frístundaheimilinu. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri hluta dagsins. Skráning á langa daga er bindandi eftir að frestur til skráningar rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Breytingarnar taka gildi þann 22. ágúst 2026.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustu félagsmiðstöðva:

Núgildandi **4. mgr.** undir almennt um félagsmiðstöðvar er svohljóðandi:

Í sértækum félagsmiðstöðvum er boðið upp á frístundastarf fyrir fötluð börn og unglinga. Þar er opið eftir að skóladegi lýkur til kl. 17:00 alla virka daga og allan daginn í skólafríum. Sjá hér nánari upplýsingar um sértækar félagsmiðstöðvar í Reykjavík.

Lagt er til að **4. mgr.** undir almennt um félagsmiðstöðvar verði svohljóðandi:

Í sértækum félagsmiðstöðvum er boðið upp á frístundastarf fyrir fötluð börn og unglinga. Þar er opið eftir að skóladegi lýkur til kl. 16:30 alla virka daga og allan daginn í skólafríum. Sjá hér nánari upplýsingar um sértækar félagsmiðstöðvar í Reykjavík.

Núgildandi **a. liður í 4. mgr. í gr. 1.b** er svohljóðandi:

Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta sértækra félagsmiðstöðva til boða frá kl. 8:00-17:00. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega hjá sértækri félagsmiðstöð barnsins þessa daga. Á aðfangadag og gamlársgang er lokað.

Lagt er til **a. liður í 4. mgr. í gr. 1.b** verði svohljóðandi:

Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta sértækra félagsmiðstöðva til boða frá kl. 8:00-16:30. Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega hjá sértækri félagsmiðstöð barnsins þessa daga. Á aðfangadag og gamlársgang er



lokað.

Núgildandi **4. mgr. í gr. 6.a.** er svohljóðandi:

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið í sértækum félagsmiðstöðvum frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá sértæku félagsmiðstöðinni. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri part dagsins eða í samræmi við upplýsingar frá starfsstað hverju sinni. Skráning á langa daga er bindandi eftir að skráningarfrestur rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Lagt er til að **4. mgr. í gr. 6.a.** verði svohljóðandi:

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið í sértækum félagsmiðstöðvum frá kl. 13:40-16:30. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá sértæku félagsmiðstöðinni. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri part dagsins eða í samræmi við upplýsingar frá starfsstað hverju sinni. Skráning á langa daga er bindandi eftir að skráningarfrestur rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Breytingarnar taka gildi þann 22. ágúst 2026.

Greinargerð:

Hér er lagt til að gerðar verði breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustu frístundaheimila og þjónustu félagsmiðstöðva í samræmi við breytingar á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs frá árinu 2025 vegna opnunartíma frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva yfir vetrartímann. Innleiðingu þessara breytingar var frestað og hefur þjónustan því verið ófjármögnuð hvað varðar almennu frístundaheimilin.



Reykjavík



Viðtakandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 29. júní 2026

SFS25020020

UMSÖGN

Umsögn um afturköllun breytinga á reglum um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um neðangreinda tillögu skóla- og frístundasviðs um lengri opnunartíma í frístundastarfi.

Lagt er til að borgarráð samþykki að afturkalla samþykkt sína á breytingum á reglum um þjónustu frístundaheimila og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva sem samþykktar voru í skóla- og frístundaráði þann 23. mars 2026, í borgarráði þann 16. apríl 2026 og fullnaðarafgreitt á fundi borgarstjórnar þann 21. apríl 2026. Með breytingunni sem átti að taka gildi þann 22. ágúst 2026 átti opnunartími frístundaheimila og félagsmiðstöðva að styttest um 30 mínútur en með afturköllun ákvörðunarinnar verður opnunartíminn óbreyttur.

Kostnaðarmat

Samkvæmt kostnaðarmati skóla- og frístundasviðs er gert ráð fyrir að kostnaður aukist um 88,8 m.kr. á ári vegna lengri opnunartíma, samanlagt á almennum frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Á móti er gert ráð fyrir að gerð verði breyting á gjaldskrá frístundaheimila með þeim hætti að mánaðarleg greiðsla fyrir lengri dvalartíma verði kr. 5.000,-. Gert er ráð fyrir að 473 börn nýti sér lengri vistun í 10,5 mánuði ári og tekjur aukist sem nemur 24,8 m.kr. á ári. Óvissa er um fjölda barna sem mun nýta sér þjónustu til kl. 17:00, en í tillögunni er miðað við að 400 börn í almennri frístund og 73 börn í sértækri frístund nýti sér lengri vistunartíma.

Í áætluðum kostnaðarauka um 88,8 m.kr. er gert ráð fyrir að fastur kostnaður aukist í almennri frístund vegna lengri starfstíma í 37 frístundamiðstöðvum. Í sértækum félagsmiðstöðvum er hins vegar um breytilegan kostnað að ræða þar sem yfirleitt fylgir hverju barni starfsmaður.

Nettó viðbótarkostnaður er áætlaður 64 m.kr. ári. Skv. greinargerð með tillögunni rúmast viðbótarkostnaður vegna aðgerðarinnar innan fjárheimilda sviðsins.

Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmatið og gerir ekki athugasemdir við forsendur þess.



Reykjavík



Sviðið bendir á að veruleg óvissa ríkir um nýtingu þjónustunnar. Um 700 börn í almennri frístund hafa hingað til nýtt vistun til kl. 17:00 án viðbótargjalds. Í fyrirbyggjandi tillögu er hins vegar gert ráð fyrir að einungis 400 börn muni greiða fyrir lengri viðveru í almennri frístund, auk 73 barna í sértækri frístund. Í óhagstæðri sviðsmynd gæti viðbótarkostnaður numið allt að 80 m.kr. nettó á ári.

Tillagan gerir ekki ráð fyrir auknum fjárheimildum til skóla- og frístundasviðs vegna afturköllunar á styttingu opnunartíma frístundaheimila og því mikilvægt að sviðið rúmi aukinn kostnað sem leiðir að tillögunni innan núverandi fjárhagsramma.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Reykjavík